

Skólaráðsfundur

27. september kl. 14:30

Á fundinum sátu; Margrét Ármann skólustjóri, Magnús (fulltrúi grenndarsamfélags) Arnheiður (fulltrúi foreldra), Ásta og Erla (fulltrúar kennara) og Hermann (fulltrúi starfsmanna)

Farið var yfir starfsáætlun fyrir skólaárið 2023 – 2024:

- Frístund - búið er að opna fyrir skráningu fyrir 4. bekkina
- Heimasíðan er í uppfærslu – ekki allt rétt inni á henni
- Smá breyting á skóladagatali, engir þemadagar í ár.
- Nýtt starfsheiti kynnt – velferðakennari (Anna Halldórsdóttir náms -og starfsráðgjafi)
- Lindaskógur – er í höndum útinámsnefndar.
- Spjaldtölvur – allar straujaðar í haust, nýtt skólanetfang fyrir alla nemendur og starfsmenn
 - Keypt hafa verið nokkur lykllaborð til að æfa nemendur í fingrasetningu
- Heimsmarkmiðin – innleiðing hófst vorið 2023
 - Réttindaráð er skipað 2 nemendum úr hverjum árgangi
 - Stefnt á barnþing vorið 2024
- Námsmat – nýr kafli í starfsáætlun
- Heimalestur – hugmynd um að setja almennar upplýsingar um lestur inn í kvittunarheftið
- Kór – fastur tími í töflu hjá yngsta stigi (1.-3. bekk)
- Öskudagur – fyrir alla í 1. – 10. bekk
- Litla upplestrarkeppnin (4. bekkur) – hugmynd að breyta nafni úr keppni yfir í hátíð
- Skólahreysti – þarf að peppa stuðningslið upp aftur
- Skákæfingar – einungis í boði fyrir börn sem skráð eru í frístund
- Val í 8. – 10. bekk
 - Bundið val í 8. bekk
 - Valáfangar í 9. – 10. bekk
- Skólareglur allar óbreyttar – endurskoðaðar á síðasta skólaári
- Skólalóðin hefur tekið stakkaskiptum
 - Kastalinn var kosinn af yngsta stigi í *Okkar skóli* kosningunni
- Öryggisnefnd – þarf að yfirfara áætlun vegna breytinga á skólalóðinni
- Samstarf milli Erlu heimilisfræðikennara og Matthildar matráðs skólans
 - Árgangar fá að velja matseðil fyrir mánuðinn
- Farið var yfir breytingu á starfsmannamálum

Nokkur ný verkefni voru kynnt:

- *Að verða betri ég* - forvarnarverkefni í 7. bekk
- *Askurinn* fyrir miðstigi (á vegum Kópavogsbæjar)
- *Kurlið* – samþætting á miðstigi
- *Kveikjum neistann* – hugmyndafræðin skoðuð fyrir lestrarþjálfun í 1. bekk

Að lokum:

- Það vantar tvo fulltrúa nemendur í skólaráð
- Umbótaáætlun skólans verður kynnt á næsta fundi í skólaráði
- Opinn fundur í skólaráði vorið 2024
- Innra mat verður kynnt síðar

Starfsáætlun undirrituð og fundi slitið kl. 16:30